

2. stjórnarfundur Leiknar 9. júní 2005 kl. 13:30

Haldinn í húsnæði Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins að Grensásvegi 16a í Reykjavík.

Mætt: Birna Gunnlaugsdóttir, Guðjónína Sæmundsdóttir, Hulda Ólafsdóttir, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Smári Haraldsson og Þorbjörg Jónsdóttir.

1. Fundagerðir stofnfundar og fyrsta stjórnarfundar áður samþykktar. Í framhaldi ákveðið að taka saman ítarlegan lista um stofnaðila.
2. Samþykkt að varamenn sitji stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti.
3. Ingibjörg E. Guðmundsdóttir dreifði upplýsingum um skráningu Leiknar sem félagasamtaka (fskj. 1).



Stofnaðilar
25.4.2005

Rætt um fjármál samtakanna og með hvaða hætti greitt verði fyrir ferðir vegna erlends samstarfs.o.fl. Hvort eðlilegast sé að Leikn greiði þær að fullu eða aðildarfélögin komi þar á móti.

4. Fundagerðir Nordiskt generalsekreterarmöte 18. maí 2005: Smári sagði frá fundinum og lagði fram fundargerð hans (fskj. 2).



2005-05-18.doc

Hann sagði að þar hefði verið mikill áhugi á auknu norrænu samstarfi. Farið var yfir sameiginlegar ráðstefnur og fundir framundan. Ákveðið að vera í sambandi við NVL – fulltrúa á Íslandi hjá fræðslumiðstöð atvinnulífsins vegna Nordisk – Baltisk Samráðsnetvark. ([Sjá tölvupóst til Sigrúnar Kristínar 30. júní 2005](#)). Þátttaka á Nordisk demokratikonferense 2006 var vísað til athugunar hjá Mími - símenntun, en Mímir er að sækja um styrk til “demokrati“ / lýðræðis - verkefnis ásamt Grænlandi og Færeyjum. ([Sjá tölvupóstur til Mímis – símenntunar 30. júní 2005](#)).

5. Aðild að FNV – Förbundet Nordisk Vuxenoplysning. Fram hefur komið ósk frá Símennt til KVASIS um að taka yfir aðild Símenntar að FNV og var þeirri ósk vísað áfram til Leiknar. Málið rætt og var stjórnin sammála um að aðild að slíkum sérsamtökum henti Leikn ekki.
6. Evrópusamtök fullorðinsfræðsluaðila (EAEA) Jákvætt um aðild að þessum regnhlífasamtökum. Ákvörðun frestað.

7. Hugsanlegur samningur við Mennt. Fram kom að samtökin gætu tekið að sér umsýsluvinnu fyrir Leikn ef verkefnalisti lægi fyrir. Verkefni yrðu t.d. boðun funda, varðveisla gagna, fundaraðstaða, fjárreiður (félagsgjöld, bókanir, greiðsla reikninga) og aðstoð við styrkumsóknir. Ákvörðun frestað.
8. Ráðgjafahlutverk í fullorðinsfræðslu, erindi frá Emil Björnssyni. Rætt og benti Þorbjörg á mikilvægi þess að allt námskeiða- og námsframboð fullorðinna fengi sameiginlega kynningu s.s. í formi bæklinga.
9. Stjórn staðfestir áður tekna ákvörðun í netsamskiptum um að senda fulltrúa Leiknar á Nordiskt generalsekreterarmöte norrænu regnhlífasamtaka fullorðinsfræðsluaðila (Nordiskt samraads Netverk). Stjórnin samþykki að sinna samtökunum eftir efni og aðstæðum.

Önnur mál:

10. Þorbjörg Jónsdóttir boðaði að hún myndi hætta í stjórn þar sem hún hættir senn sem forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur. Breyting á stjórn rædd og samþykkt að Hulda, sem setið hefur í varastjórn, taki við stjórnarsetu. Smári Haraldsson þakkaði Þorbjörgu samveruna til þessa og sagðist munu sakna hennar úr stjórn. Samþykkt að Guðjónína Sæmundsdóttir yrði gjaldkeri.
11. Nokkur hagnýt atriði:
Ingibjörg gerir stimpil þegar reikningsnúmer samtakanna liggur fyrir. Nefnt að hanna þurfi lógó Leiknar. Ákveðið að Birna geri póstlista fyrir aðildarfélögin og auglýsti þar eftir hugmyndum. Nefnt að gott sé að minna þau félög á, sem ekki hafa gerst aðilar ennþá.
12. Námsflokkar Reykjavíkur. Rætt um breytingar á starfsemi þeirra. Þorbjörg, fráfaraandi forstöðumaður NR hvatti fullorðinsfræðsluaðila til að vinna saman að úrlausnum fyrir þá nemendur sem finna sig nú í lausu lofti varðandi áframhaldandi nám.

Fundi slitið kl. 16:30

Smári Haraldsson
Ingibjörg E. Guðmundsdóttir
Þorbjörg Jónsdóttir
Birna Gunnlaugsdóttir, ritaði fundargerð
Guðjónína Sæmundsdóttir
Hulda Ólafsdóttir